

Spilakvöld

Spilakvöldin halda að sjálfsgöðu áfram eftir áramótin. Rangæingar stjórna spilum í samstarfi við Skaftfellinga og er spilað eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

12. jan. – 26. jan. – 9. feb. – 23. feb.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Verð kr. 700.

Mynda- og skemmtikvöld

Síðasta vetrardag, miðvikudaginn 20. apríl verður í Skaftfellingabúð Mynda- og skemmtikvöld sem hefst kl. 20:30.

Par sýnir Mats Wibe Lund myndir sínar.

Að sýningu lokinni verður slegið á léttu strengi og munu nokkrir tónlistarmenn m.a. stíga á stokka og spurning hvort dansfirðingur kemur þá í einhverjar tær!

Stjórn félagsins 2004–2005

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Fanney Magnúsdóttir	553 2895	820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNID AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

Körfuboltahetjur?

Þann 9. október sl. var nýtt íþróttahús vígt á Kirkjubæjarklaustri. Heimamenn skoruðu af því tilefni á brottflutta í körfuboltakeppni. Þótti leikurinn takast vel, enda hittu leikmenn mun betur en sveitarstjórnarmennirnir sem reyndu með sér í vítaskotakeppni af sama tilefni! Kannski verði um árvissan viðburð að ræða?



Brottbluttar hetjur!

Ljós: Bjarki Oddsteinsson

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur til allrar veislubjónustu um helgar (s. 863 2087). Aðrar upplýsingar varðandi útleigu veitir Skúli Oddsson (s. 864 3415).

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: skaftfellingar@simmet.is



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2005

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Þorablót**
22. janúar 2005

• **Spilakvöld**
miðvikudaga kl. 20:00
12. janúar 2005
26. janúar 2005
9. febrúar 2005
23. febrúar 2005

• **Söngfélagið**
Söngæfingar öll
mánudagskvöld kl. 20

• **Mynda- & skemmtikvöld**
kl. 20:30
20. apríl 2005

• **Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga**
4. maí 2005 kl. 20

• **Kaffiboð aldraðra**
8. maí 2005

• **Hreinsunarferð í Heiðmörk**
28. maí 2005

• **Vorferð félagsmanna**
4. júní 2005

• **Útilega Þakgili**
8.-10. júlí 2005

• **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Þorablót

Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldið í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178

laugardaginn 22. janúar 2005

og hefst hátíðin kl. 20:00
Húsið opnar kl. 19:00

Söngfélag Skaftfellinga mun taka nokkur lög Skemmtiatriði verða í þorablótsstíl, söngur, grín og glens

Vilborg Einarsdóttir frá Þorisholti sér um veislustjórn.

Hljómsveitin Sólon leikur fyrir dansi.

Miðaverð kr. 3.000
Miðaverð á dansleik eingöngu kr. 1.000

Miðapantanir þurfa að berast í síðasta lagi fimmtudaginn 20. janúar undirrituðum.

Með félagskveðju,

Halla Bjarnadóttir (862 0044)
Fanney Magnúsdóttir (820 2895)
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir (896 7617)
Sigurlaug J. Sigurðardóttir (891 7354)

Söngfélag Skaftfellinga

Söngæfingar Söngfélagsins eru í Skaftfellingabúð á mánudögum kl. 20. Auk þess að syngja á samkomum félagsins stendur kórinn fyrir aðventustund, bjórkvöldum og kórferð að vori.

- Bjórkvöld 12. mars í Skaftfellingabúð kl. 21. Allir velkomnir.
- Söngferð um Norðurland 29. apríl-1.mái.
- Vortónleikarnir Háteigskirkju 4. maí, kl.20.

Stjórnandi er sem fyrr Violeta Smid og kórfélagar um 40.

Nýir söngfélagar eru velkomnir.

Formaður Söngfélagsins er Kolbrún Einarsdóttir, s. 824 5521.

Hreinsun í Heiðmörk

Vorhreinsun í reit Skaftfellinga í Heiðmörk er á dagskrá laugardaginn 28. maí og einnig ef þörf krefur miðvikudaginn 1. júní. Venjan er að koma þar saman síðla í maí ár hvert til að grisja og hreinsa til.

Einnig er framundan vinna við skipulagningu svæðisins, s.s. stiga og aðra aðstöðu. Félagsmenn eru eindregið hvattir til að kíkja á reitinn, sem öflugir Skaftfellingar lögðu fyrstu hönd á fyrir áratugum síðan. Ef þú hefur áhuga á að koma að hugmyndavinnunni hvetjum við þig til að hafa samband við stjórn félagsins.

Reiturinn, sem er einn hektari, heitir Skaftafell og er merktur með skilti u.þ.b. 2 km frá Þjóðvegi 1 austan Hólmsárbrúar.

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.
Það er mikið gaman í Skálminu og við leggjum áherslu á að rækta bæði líkama og sál! Við skorum á alla þá sem "alltaf eru á leiðinni" að drífa sig núna með hækandi sóll!
Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 15.1: **Ægissíða – Vesturbæjarlaug**
- 19.1: **Kópavogur – Fifan íþróttahús**
- 22.1: **Arnarnes – sundlaug Garðabæjar**
- 26.1: **Árbæjarlaug**
- 29.1: **Grafarvogur – Egilshöll**
- 2.2: **Hafnarfjörður – v/kirkjugarð**
- 5.2: **Mosfellsbær – Álafoss**
- 9.2: **Laugardalur – sundlaug**
- 12.2: **Heiðmörk – Furulundur**
- 16.2: **Nauthóll**
- 19.2: **Breiðholt – Fella & Hólakirkja**
- 23.2: **Grafarholt – Nóatún**
- 26.2: **Hvaleyrarvatn**
- 2.3: **Grafarvogur – Grafarvogskirkja**
- 5.3: **Rauðavatn**
- 9.3: **Fossvogur – Víkingsheimili**
- 12.3: **Ellidaárdalur – gamla rafstöð**
- 16.3: **Laugardalur – sundlaug**
- 19.3: **Hvaleyrarvatn**
- 23.3: **Nauthóll**

Þáskafri

- 30.3: **Heiðmörk – Furulundur**
- 2.4: **Hafnarfjörður – Ásvellir**
- 6.4: **Breiðholt – Seljakirkja**
- 9.4: **Árbæjarlaug**
- 13.4: **Breiðholt – Breiðholtskirkja**
- 16.4: **Grafarvogur – sundlaug**
- 20.4: **Mynda- & skemmtikvöld**
- 23.4: **Heiðmörk – Furulundur**
- 27.4: **Hafnarfjörður – Fjarðarkaup**
- 30.4: **Grafarvogur – Egilshöll**

Skálmarrar hvetja alla til að iðka gönguferðir sér til heilsubótar. Skálmað er á þeim hraða sem hverjum og einum hentar – við höfum engum týnt ennþá!!!

Skálm fyrir alla !

Á döfinni – starfsárið 2005

Skaftfellingafélagið hefur á síðustu árum bætt nokkru við félagsstarf sitt. Fylaveisl-an hefur notið æ meiri vinsælda með hverju árinu og er hún orðin fjölmennasta skemmtunin ár hvert.

Skálmarrar skunduðu af stað fyrir nokkrum árum og skálma enn! Í göngurnar hefur mætt fólk á öllum aldri og þeir elstu eru komnir yfir áttætt. Við viljum eindregið hvetja þig lesandi góður til að mæta, því gönguferðir eru góð heilsubót!

Lengi vel voru haldnar miklar samkomur í Skaftfellingabúð á síðasta degi vetrar. Stjórnin fékk þá hugmynd að slá saman myndakvöldi og skemmtikvöldi sem haldið verður síðasta vetrardag, þann 20. apríl nk.

Kaffiboð aldraðra er ætíð haldið í byrjun maí og verður nú sunnudaginn 8. maí. Þá er opið hús í Skaftfellingabúð. Þar er ætíð dýrindis kökuhlaðborð sem félagar í Söngfélaginu ásamt stjórn Skaftfellinga-félagsins sjá um að fylla á!

Í lok maí er síðan byrjað að hreinsa Heiðmerkureitinn. Þann 4. júní förum við í árlega vorferð, sem hefur heppnast mjög vel. Síðasta vor var farið á Snæfellsnes. Ekki hefur verið ákveðið hvert verður haldið þetta árið en allar hugmyndir eru vel þegnar. Um er að ræða dagsferð frá Reykjavík.



Ljós. Halla B

Síðasta sumar var bætt við sumarstarfið útilegu í Skaftafellssýslu og var hið geysivinsæla Þakgil, rétt fyrir austan Vík, fyrir valinu. Lagt hefur verið til að gera Þakgil að árvissum stað en núna færur við útileguna á aðra helgi í júlí (8.-10.júlí) til að vera ekki á sömu helgi og Humarhátíðin er á Höfn.



Þakgilsútilega - gönguferð

Ljós. Halla B

Undanfarin ár hafa Skálmarrar einnig farið í sumar-Skálm og verður að teljast líklegt að sú verði einnig raunin þetta árið. Þegar vorar leggjja Skálmarrar því á fjöll í nágrenni Reykjavíkur til að koma sér í þjálfun. Gengið hefur verið á Esjuna, Keili, Vífilfell og einhverja fleiri "tinda". Á næstu vikum þarf að ákveða hvert skal halda og hvenær, því panta þarf skálagistingu með góðum fyrirvara.

Þeir sem hafa áhuga á sumargöngum hafa nægan tíma til að koma sér í þjálfun svo nú er um að gera að grafa í skápunum og finna skó og úlpu!

Eins og fyrr hefur verið greint frá var ákveðið að hætta að innheimta félagsgjöld en í stað þess skrá fleiri á póstlistann, sem þar með væri félagskrá. Félagsmenn eru nú tæplega 1000. Við hlökkum til að sjá enn fleiri virka í félagsstarfinu.

Stjórn Skaftfellingafélagsins óskar lesendum gæfuríks árs og þakkar samstarfið á liðnu ári.